

Reglur um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

I. kafli.

Skilgreining, markmið og megináherslur

1.gr.

Skilgreining

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustu:

- Liðsmenn, sem starfa á grundvelli 24. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992
- Tilsjónarmenn og persónulega ráðgjafa sem starfa á grundvelli d.liðar 24.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sbr. og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Stuðningsfjölskyldur, á grundvelli d.liðar 24.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Velferðarsvið leitast við að hafa á að skipa sérhæfðu starfsfólki til þess að veita ofangreinda þjónustu.

2.gr.

Hverjir geta sótt um stuðningsþjónustu

Forsenda fyrir því geta sótt um stuðningsþjónustu er að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík að fullnægðum frekari skilyrðum sem fram koma í þessum reglum.

Þjónustan er ætluð fólki á öllum aldri fötluðum sem ófötluðum, þó ekki börnum yngri en 6 ára að undanskilinni stuðningsfjölskyldu, sjá nánar 4. gr.

3.gr.

Markmið og megináherslur stuðningsþjónustu

Þjónusta samkvæmt þessum reglum er kölluð stuðningsþjónusta og ekki er gerður greinamunur á liðveislu, tilsjón, persónulegum ráðgjafa og stuðningsfjölskyldum sbr. 1. gr.

Markmið stuðningsþjónustu er að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum sem á þurfa að halda:

- Stuðning við uppeldi og aðbúnað barna m.a. stuðningsfjölskyldur
- Félagslegan stuðning þ.e. stuðning við að rjúfa félagslega einangrun, stuðla að aukinni félagsfærni, aðstoð við að njóta menningar og félagslífs

Með stuðningi við uppeldi og aðbúnað barna er átt við tímabundinn stuðning við að veita leiðbeiningar og sinna þörfum fjölskyldunnar með það markmiði að fjölskyldan sé betur í stakk búin til að koma til móts við þarfir sínar að stuðningi loknum.

Stuðningsaðilar veita börnum og ungmennum ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja þau félagslega, siðferðislega og tilfinningalega, svo sem í sambandi við vinnu, menntun og tómstundir á sem fjölbreyttastan hátt.

Stuðningsfjölskyldur taka á móti barni eða börnum til sólarhringsvistunar á heimili sínu með það að markmiði að styðja foreldra í forsjárhlutverki, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet hlutadeigandi barns eftir því sem við á. Stuðningsfjölskyldur veita börnum hlutdeild í sínu daglega lífi, eru þeim fyrirmynd, veita þeim öryggi og koma til móts við persónulegar þarfir barnanna og fjölskyldu eftir því sem við á.

Með félagslegum stuðningi er átt við að styðja viðkomandi til þess að fara út á meðal fólks í samfélaginu, aðstoð til þess að njóta menningar og félagslífs og taka þátt í almennum tómstundum. Kynna þau almennu íþrótta- og tómstundaúrræði sem í boði eru með það að markmiði að notendur geti nýtt sér þessi úrræði án stuðnings þegar fram í sækir.

Ætíð er um tímabundinn stuðning að ræða.

Á hvern hátt framangreindum áherslum verði náð skal nánar útfært í þjónustusamningi samanber 8. gr.

II. kafli

Nánari útfærsla á stuðningsþjónustu

4.gr.

Hámark aðstoðar, aldursmörk ofl.

Ekki er talið rétt að veita barni yngra en 6 ára stuðningsþjónustu, nema um sé að ræða þjónustu stuðningsfjölskyldu, enda er ekki talið þörf á að rjúfa félagslega einangrun þessa hóps í skilningi laga þar um.

Hámark veittrar stuðningsþjónustu eru 30 klst. á mánuði á grundvelli fyrirliggjandi greiningar. Heimilt er að veita undanþágu frá framangreindu hámarki ef aðstæður eru sérstaklega erfiðar og umsækjandi skorar 18 stig samtals í færni, fjölskylduneti og brýnni þörf samkvæmt greiningartæki. (fskj. 1)

Meginregla varðandi stuðningsfjölskyldu eru tveir sólarhringar í mánuði eða 16 klst. Hámark aðstoðar stuðningsfjölskyldu eru fjórir sólarhringar í mánuði eða 32 klst.

Stuðningsþjónusta er veitt á virkum dögum sem og um helgar og á þeim tíma dags sem best þykir henta þörfum notanda. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir að stuðningsþjónusta sé veitt á stórhátíðum.

Mögulegt er að gera sérstaka samninga um stuðningsþjónustu þar sem notanda er gert kleift að stýra þjónustunni sjálfur. Hámark þjónustu í slíkum samningi getur þó aldrei verið meira en 30 klst.

Samráð skal haft við foreldri/forsjáraðila þegar umsækjandi er yngri en 18 ára.

III kafli

Umsókn um stuðningsþjónustu, mat á þjónustubörf, forgangsröðun ofl.

5. gr.

Umsókn

Umsókn um stuðningsþjónustu er unnt að leggja fram á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Umsókn skal rituð á sérstakt umsóknareyðublað þar sem veittar eru upplýsingar um umsækjanda, m.a. persónulegar aðstæður, lögheimili og annað sem máli skiptir varðandi umsóknina. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til þess að sækja um fyrir sína hönd. Innan fimm virkra daga frá því umsókn berst skal ákveðinn fundur með umsækjanda og honum sent bréf þess efnis.

Lögð er áhersla á að ætíð sé unnið að því að leita annarra leiða í þjónustu í samráði við hlutaðeigandi meðan á biðtíma stendur og veita ráðgjöf þar að lútandi.

6. gr.

Mat á þjónustubörf.

Við mat á þjónustubörf er m.a. horft til félagslegrar stöðu, tengsla við aðra, fjölskyldunets, hjúskaparstöðu/sambúðar, erfiðleika barns og þörf foreldris fyrir stuðning og hvort önnur úrræði koma á viðeigandi hátt til móts við félagsþarfir hlutaðeigandi.

Ætíð er horft til félagslegrar stöðu umsækjanda við mat á stuðningsþjónustu, félagslegir erfiðleikar eru megin forsenda þess að njóta þjónustu stuðningsfjölskyldu.

Þjónustubörf umsækjanda er metin í hverju einstöku tilviki á grundvelli sérstaks greiningartækis, sem er fylgiskjal 1 þessara reglna. Starfsmenn þjónustumiðstöðva/Barnaverndar fylla út matsblaðið eftir upplýsingaöflun og viðtal við umsækjanda. Starfsmenn þjónustumiðstöðva og Barnaverndar forgangsraða umsóknum með hliðsjón af fyrirliggjandi stigafjölda greiningartækis.

Í kjölfar er umsækjanda sent skriflegt svar um niðurstöðu mats, þar sem jafnframt er bent á rétt hans til þess að skjóta ákvörðun til áfrýjunarnefndar velferðarráðs (áður félagsmálaráðs) ef hann unir ekki niðurstöðunni.

7.gr.

Forgangsröðun umsókna

Umsóknir raðast út frá greiningu (greiningartæki fylgiskjal 1). Að öllu jöfnu njóta fatlaðir einstaklingar sem búa einir eða hjá ættingum forgangs framyfir einstaklinga sem njóta annarra úrræða s.s. sambýla fatlaðra.

Við lok greiningar og mats á þjónustubörf eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig, þannig að þeir sem fá flestu stigin eru í forgangi í þjónustunni.

Umsækjandi fær að nýju bréf þegar staðfest hefur verið hversu mikla þjónustu unnt er að veita og hvenær áætlað er að hún hefjist í hverju tilviki með hliðsjón af forgangsröðun.

8.gr.

Þjónustusamningur ofl.

Þegar fyrir liggur hversu mikla þjónusta er unnt að veita skal gengið frá þjónustusamningi. Í þjónustusamningi skal koma fram markmið með stuðningi, hvernig settum markmiðum skuli náð, tímafjöldi, gildistími samnings og vinnutilhögun. Í þjónustusamningi er samið um hversu miklum fjármunum notendur/aðstandendur eru tilbúnir til þess að verja í útlagðan kostnað á samningstímabilinu. Hafa ber hliðsjón af gildandi reglum Velferðarsviðs um útlagðan kostnað í þessu samhengi.

Að öllu jöfnu er þjónustusamningar gerðir til 6 mánaða. Ef þörf er talin á áframhaldandi stuðningi skal gert samkomulag um félagslega ráðgjöf og er þá hægt að framlengja þjónustusamning um sex mánuði.

Enda skal unnið skal markvisst á tímabilinu að því að tengja viðkomandi notenda öðrum úrræðum og fullnægja þannig þörf fyrir stuðning.

Að jafnaði er gert ráð fyrir að samkomulag um félagslega ráðgjöf liggi fyrir áður en stuðningsfjölskylda er veitt í fyrsta sinn.

9. gr.

Endurmat / breyting á þörf fyrir þjónustu.

Að öllu jöfnu skal samþykkt aðstoð ekki vara lengur en 6 mánuði enda er samningur útrunninn á þeim tímapunkti og þjónustu þar með lokið. Ef umsækjandi óskar áframhaldandi þjónustu skal hann sækja um að nýju.

Ef breyting verður á þörfum notanda fyrir stuðningsþjónustu þarf að tilkynna slíkt til þjónustumiðstöðva sem endurmetur þá þörfina.

Notandi/forráðamaður/ráðgjafi ber ábyrgð á að fylgjast með gildistíma samnings og sækja um að nýju um það bil 3 vikum áður en samningur er útrunninn.

IV. kafli

Stuðningsaðilar

10. gr.

Þagnarskylda og siðareglur

Stuðningsaðilum ber að hafa í heiðri trúnað í samskiptum við notendur og gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum. Fara ber með allar upplýsingar sem viðkomandi starfsmaður fær í starfi sínu og varða persónulega hagi notenda sem trúnaðarmál.

Stuðningsaðilum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi, eða önnur hlunnindi frá notendum eða aðstandendum þeirra, nema innan eðlilegra marka. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort stuðningsaðila sé heimilt að þiggja gjöf eða önnur fríðindi. Sjá nánar starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar.

11. gr.

Ráðningarsamningar stuðningsaðila

Starfsmenn þjónustumiðstöðva ganga frá ráðningarsamningi við stuðningsaðila. Þar skal gerð ítarleg grein fyrir starfsskyldum stuðningsaðila.

V. Kafli Ýmislegt

12.gr.

Kostnaður notenda

Stuðningsþjónusta er ekki gjaldskyld þjónusta. Notendum ber hins vegar að greiða fyrir sig allan þann kostnað sem hlýst af stuðningsþjónustu svo sem aðgangseyrir vegna kvikmynda- og leiksýninga, strætisvagna- eða rútuferða, veitingakostnað ofl.

13. gr.

Útlagður kostnaður stuðningsaðila

Velferðarsvið endurgreiðir stuðningsaðila útlagðan kostnað samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjali 2 um greiðslur vegna útlagðs kostnaðar.

14. gr.

Ferðir

Miðað er við að stuðningsaðilar noti almenningsvagna. Ef stuðningsaðili kys að nota eigin bifreið þá er það heimilt með skriflegu samþykki notenda eða foreldra/forsjáraðila þegar börn og ungmenni eiga í hlut. Getið skal um slíkt í þjónustusamningi. Rétt er að athuga að stuðningsaðilar eru ekki sérstaklega tryggðir ef óhapp hendir.

Greiðslur Velferðarsviðs vegna allra ferða nema kostnaði við strætisvagnafargjöld (græna kortið) á 3ja mánaða fresti.

Stuðningsaðilum er óheimilt að aka bifreiðum notenda.

15. gr.

Lyklar notenda.

Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að íbúðum notenda. Ef aðstæður knýja á um að starfsmaður hafi lykil skal lykill geymdur á þjónustumiðstöð og um það gerður skriflegur samningur.

16.gr.

Fjármunir notenda.

Starfsmönnum stuðningsþjónustu er óheimilt að fara með fjármuni notenda.

Ráðgjafar geta bent notanda á heimild 33. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 til skipan ráðsmanns þegar notandi á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar. Ráðgjafar geta verið notanda innan handar með að sækja um slíkt ef

aðstandendum er ekki til að dreifa. Umsókn skal rituð á sérstök eyðublað sem yfirlögráðandi lætur í té. Í Reykjavík hefur lögráðandi aðsetur í sýslumannsembættinu í Reykjavík.

VI. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði XVI og XVII. kafla
laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

17. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

18. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

19. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

20. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn þjónustumiðstöðva taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

21. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan viðeigandi ákvæða þessara reglna.

Þar sem starfsmenn hafa umboð til að taka ákvörðun á grundvelli þessara reglna skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að áfýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til áfýjunarnefnd velferðarráðs frá því honum

barst vitneskja um ákvörðun. Nefndin skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun nefndarinnar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til að leita álits félagsmálaráðuneytisins á ákvörðuninni.

22.gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu borgarráðs í kjölfar samþykkis velferðarráðs.

Fskj. 1 Greiningartæki í stuðningsþjónustu.

Fskj. 2 Greiðslur vegna útlagðs kostnaðar til stuðningsaðila vegna stuðningsþjónustu.

Greiningartæki í stuðningsþjónustu

A. Færni	Góð	0
	Ábótavant	2
	Slæm	4
	Verulega slæm	6

B. Fjölskyldunet	Gott	0
	Ábótavant	2
	Lélegt	4
	Verulega lélegt	6

C. Önnur úrræði	Góð	0
	Ábótavant	2
	Verulega ábótavant	4

D. Brýn þörf	Þjónusta þarf að byrja strax	6
---------------------	------------------------------	---

E. Aldur umsóknar	Ný umsókn	0
	6 mánaða og eldri	1
	12 mánaða og eldri	2
	18 mánaða og eldri	3

Greiðslur vegna útlagðs kostnaðar til stuðningsaðila vegna stuðningsþjónustu.

Velferðarsvið greiða stuðningsaðila útlagðan kostnað hans samkvæmt eftirfarandi ákvæði.

Við gerð þjónustusamnings samkvæmt 8. gr. reglna um stuðningsþjónustu skal m.a. skilgreint markmið með þjónustunni, hvernig markmiðum skal náð og útlagðan kostnað vegna þeirra. Útlagður kostnaður stuðningsaðila og notenda skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni og í samræmi við vilja forráða-/lögráðamanna þegar við á. Í þjónustusamningi er jafnframt gert samkomulag um þá upphæð sem miðað er við á mánaðargrunni. Útlagður kostnaður fyrir stuðningsaðila getur aldrei orðið meiri en kr. 3.900 pr. mánuð.¹⁾

1) Gildistaka 1. janúar 2008.